

Útvarp 20 október 1935

## Músik Útvarpsins.

Góður síður er það sem Útvarpið hefir tekið upp, að láta dagskrána enda á ættjarðarsöng. En ef það er altaf sami söngurinn, viku eftir viku, þá mun að litlum notum koma, því að margir munu loka. Eg vil því leggja til, að skift sé um, og sama lagið ekki haft nema eina viku eða tvær um sinn, enda af nógu að taka. Það má t. d. minna á hið ágæta lag Árna Thorsteinssons „Ísland vort land“, eða lag Sveinbjörnssons við hið óviðjafnanlega ættjarðarkvæði Jónasar Hallgrímssonar, „Fífilbrekka gróin grund“, eða lag Sigfúsar Einarssonar við Fánakvæði Einarar Benediktssonar. — Annars er það aðalgalli á músik útvarpsins, að vér fáum of oft að heyra það sem ekki er gott, en ekki nógu oft það sem gott er, eins og t. d. hinn ágætlega norræna þjóðsöng Norð-

manna (Festpolonaise) eftir Johan Svendsen, eða ýms snildarverk eftir Tsjaikofski, sem miklu fremur virðast norræn í eðli en slafnesk, þó að þau séu eftir Rússa. Eitt af leiðinlegustu lögum Schuberts (der Tod und das Mädchen eða verk þar sem það lag er notað) fengu hlustendur tvisvar á skömmum tíma, en hinn undursamlega þrileik op. 99 (minnir mig talan sé), höfum vér ekki fengið að heyra svo mánuðum skiftir. Músik, sem oss þykir gott að heyra, gerir oss glaðara í geði og styrkir oss til góðra hugsana og fyrirætlana, en það sem oss leiðist að heyra, er oss til einskis gagns. Þó verður þess að gæta, að jafnvel hið besta, kemur oss ekki að fullum notum fyrir en vér höfum heyrt það nógu oft.

17. okt.

Helgi Pjeturss.